

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 166/1983. **Akæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Stefáni Hákonarsyni

(Jón G. Briem hdl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. ágúst 1983. Af hálfu akæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, dæmdur til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 20. desember 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdráttir af hluta af Keflavík. Þá hafa þrír lögreglumenn í Keflavík komið fyrir dóm og gefið skýrslu eftir uppsögu héraðsdóms, en framburðir þeirra þykja ekki skipta máli um úrslit máls þessa, þar sem enginn þeirra hafði afskipti af ákærða, er hann var handtekinn.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafa lögreglumennirnir Birgir Ólafsson og Þórður Magni Kjartansson skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi viðurkennt fyrir þeim, að hann hafi ekið bifreið sinni ölvaður frá heimili sínu og lagt henni síðan á Klapparstíg. Þeir kváðu hann hafa verið rólegan og samvinnuþýðan. Rúnar Lúðvíksson lögreglu maður, er tók varðstjóráskýrslu af ákærða eftir handtöku hans kl. 1917, segir, að hann hafi vafningalaust viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður. John Hill lögreglu fulltrúi, sem tók skýrslu af ákærða morguninn eftir handtökuna, kl. 0950, segir, að hann hafi formála- og vafningalaust viðurkennt ölvunarakstur sinn, er skýrslan var tekin af honum. Ákærði undirritaði þessa skýrslu.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, hefur ákærði þrívægis viðurkennt afdráttarlaust fyrir lögreglu, að hann hafi ekið bifreið sinni ölvaður í umrætt skipti. Verður að byggja á þessum framburði

hans, enda ekkert fram komið í málinu, sem renni stöðum undir síðari afturköllun hans, þannig að mark verði á tekið. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við þennan akstur. Varðar þetta atferli hans miðað við áfengismagn það, er var í blóði hans, við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og þykir refsing hans, þar sem um ítrekað brot er að ræða, hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Hákonarson, sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómsslögmanns, samtals 9.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 3. maí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 3. maí, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2157/1982: Ákæruvaldið gegn Stefáni Hákonarsyni.

Mál þetta, sem þingfest var 17. febrúar sl. og dómtekið 22. f.m., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæru, dagsettri 17. janúar sl., á hendur „Stefáni Hákonarsyni, Heiðarhvammi 3, Keflavík, fæddum á Ísafirði 7. janúar 1953, fyrir að aka, miðvikudaginn 15. september 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-7998 frá ofangreindu heimili sínu um götur í bænum, þar til hann hætti akstri á Klapparstíg í Keflavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði sætti ákærði 14. janúar 1980 sekt og ökuleyfismissi vegna ölvunar við akstur.

Skömmu eftir kl. 1900 miðvikudaginn 15. september sl. var lögreglunni í Keflavík tilkynnt, að ákærði hefði þá skömmu áður farið á bifreiðinni Ö-7998 frá heimili sínu og væri hann ölvaður. Föru lögreglumenn að leita bifreiðarinnar og veittu skömmu síðar ákærða athygli, þar sem hann var utan við húsið Aðalgötu 10, Keflavík. Þegar þeir komu að húsinu var hann farinn þar inn, og knúðu þeir því dyra. Kvað húsráðandi ákærða vera inni í húsinu. Fylgdi hann lögreglumönnum fúslega út í bifreið þeirra. Var hann með greinilegum áfengisáhrifum, og sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans. Er lögreglumennirnir ræddu við ákærða í lögreglubifreiðinni, viðurkenndi hann strax að hafa ekið bifreið sinni frá heimili sínu og lagt henni síðan á Klapparstíg, en gengið þaðan að framannefndu húsi.

Í skýrslu, sem lögregluvarðstjóri tók af ákærða strax sama kvöld, segist hann hafa verið að aka bifreið sinni í umrætt sinn að heiman frá sér og til kunningja sinna. Hafi hann lagt af stað, skömmu áður en lögreglan hafði af honum afskipti. Þá kveðst hann hafa drukkið áfengi, Vodka, fyrr um daginn, en ekkert eftir að akstrinum lauk.

Útliti og öðrum einkennum ákærða lýsir varðstjórinn þannig, að andlit hans hafi verið rjótt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu eðlileg, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Magn álkóhóls í blóðsýni, sem ákærða var tekið af þessu tilefni, mældist 2.37‰.

Í rannsóknarlögregluskýrslu, sem af ákærða var tekin morguninn eftir, segist hann hafa byrjað áfengisdrykkju um kl. 1400 daginn áður og hafi hann drukkið tæpan pela af Vodka, áður en hann hóf akstur bifreiðar sinnar, Ö-7998, frá heimili sínu og að Klapparstíg í Keflavík. Þar hafði hann farið út úr bifreiðinni og gengið að Aðalgötu 10. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki neytt neins áfengis að honum loknum og þar til lögreglan kom og handtók hann.

Ákærði hefur fyrir dómi neitað sakargiftum. Kvaðst hann ekki hafa ekið bifreiðinni Ö-7998 í umrætt sinn og lýsti atvikum nánar þannig, að umræddan dag sem og næstu daga á undan hafi hann neytt áfengis. Hann sagðist hafa lent í missæti við eiginkonu sína, sem varð til þess, að hann rauk út í fússi. Á stæðinu fyrir framan húsið, sem er fjölbýlishús, hitti hann mann, sem hann veit engin deili á, og fékk hann til að aka bifreiðinni

fyrir sig sem leið liggur að húsakynnum AA samtakanna á Klapparstíg 7, Keflavík.

Ákærði greindi frá því, að hann hefði farið í meðferð gegn áfengissýki tæpum tveimur árum fyrir umrætt atvik og hefði þetta verið í annað skipti, sem hann neytti áfengis eftir meðferðina. Er hann hefði misst ökuréttindin öndvert ár 1980 vegna ölvunar við akstur, hefði það greypst svo í huga sér, að slíkt mætti aldrei endurtaka sig.

Ákærði kvaðst ekki hafa hitt neinn fyrir á Klapparstíg 7 og því gegnið að Aðalgötu 10, en þar búi Gísli nokkur, sem farið hefði í sömu meðferð og hann sjálfur. Gísli var þá ekki heima, en hins vegar kona hans. Eftir nokkrar mínútur hafi lögreglan síðan komið, og fylgdi hann lögreglumönnum til stöðvar. Ákærði kvað ökumanninn hafa ekið bifreiðinni að Klapparstíg 7, og vissi hann síðan ekkert, hvað um hann varð.

Ákærði kvaðst hafa verið þó nokkuð ölvaður í umrætt sinn og í „miklu andlegu niðurbroti.“ Hann kvaðst hafa viðurkennt akstur sinn á Ö-7998 fyrir lögreglu af ótta við að verða ella fangelsaður. Hafi sér verið stungið inn vegna fyrri ölvunarakstursmálsins og hafi hann orðið að leita læknis af því tilefni.

Oddný Magnúsdóttir, eiginkona ákærða, hefur borið vætti í máli þessu. Hún kveðst hafa tilkynnt lögreglunni um meintan ölvunarakstur ákærða. Hún kveður ákærða hafa verið ölvaðan í umrætt sinn og hafi hann yfirgefið íbúð þeirra verandi með billyklana. Fór hún þá samstundis í símann og tilkynnti lögreglunni um áðurgreint. Er hún leit út að loknu símtalinu, hafi bifreiðin verið horfin af stæðinu fyrir framan húsið. Ekki hafi hún séð, þegar ákærði fór í bifreiðina í umrætt sinn og bifreiðinni var ekið af stæðinu. Gæti hún því ekki fullyrt, að hann hafi verið ökumaðurinn. Hún kvaðst ekkert hafa séð til ákærða, eftir að hann yfirgaf íbúðina og þar til atvik þetta var afstaðið. Ekki mundi hún, hvort ákærði nefndi, að hann ætlaði að aka bifreiðinni.

Birgir Ólafsson lögreglumaður kvað ákærða strax og vafningalaust hafa viðurkennt fyrir þeim Þórði lögreglumanni, að hann hefði ekið bifreið sinni í umrætt sinn. Minnti Birgi, að ákærði hafi verið rólegur og samvinnuþýður, þegar þeir höfðu afskipti af honum. Ekki kvað hann þá lögreglumennina hafa séð bifreiðina í akstri í umrætt sinn og sagði ennfremur, að spottinn milli Aðalgötu 10 og þar sem bifreiðinni hafði verið lagt, sé genginn á innan við eina mínútu. Birgir minnti, að ákærði hefði ekki verið alveg sáttur við að verða stungið inn í fangaklefa.

Þórður Magni Kjartansson lögreglumaður kvað ákærða hafa viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður, er þeir Birgir ræddu við hann í lögreglu-bifreiðinni. Hafi hann verið rólegur og samvinnuþýður og rætt um, að hann

væri illa haldinn af áfengisdrykkju. Hann kvað ákærða hafa verið illa við að vera stungið inn í fangaklefa, en engan móþróa hafi hann sýnt. Ekki mundi Þórður, að ákærði hefði nefnt, að hann þyldi ekki innlokun í fangaklefa.

Þórður sá ekki bifreið ákærða í akstri í umrætt sinn og kvað spottann frá bifreiðinni að Adalgötu 10 vera genginn á 3-4 mínútum í mesta lagi.

Rúnar Lúðviksson lögreglumaður tók varðstjóráskýrsluna af ákærða. Hafi ákærði vafningalaust viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður. Hann sagði, að þar sem ákærði var ekki tekinn við akstur Ö-7998, hefði hann ákveðið að setja hann í fangaklefa, þar til rannsóknarlögreglan hefði tekið af honum skýrslu. Hafi ákærða óað við því og sagt það ástæðulaust, þar sem hann hefði þegar viðurkennt ölvunarakstur sinn. Engan móþróa hafi hann sýnt, en rætt um, að hann þyrfti að komast í meðferð vegna áfengissýki og beðið um, að haft yrði samband við tiltekna menn, sem var gert.

Rúnar mundi ekki til þess, að ákærði hefði verið órólegur þann tíma, sem hann dvaldi í fangaklefanum, eða gert athugasemdir við vistun sína þar.

John Hill lögreglufulltrúi tók rannsóknarlögregluskýrsluna af ákærða. Hafi hann formála- og vafningalaust viðurkennt ölvunarakstur og nefnt, að hann væri leiður yfir því að hafa lent í þessu. Hafi hann verið kurteis og þrúður og mundi John ekki betur en að hann hefði ekkert nefnt um veru sína í fangaklefanum eða sýnt af sér óttamerki um, að hann þyrfti e.t.v. að dvelja þar áfram.

Guðrún Svanhvít Sigurðardóttir, Adalgötu 10, Keflavík, kvað ákærða hafa verið nýkominn á heimili sitt, er lögreglan kom og spurði eftir honum. Hafi hann verið greinilega ölvaður við komuna, en ekki hafi hann nefnt, að hann hefði verið að aka bifreið þannig á sig kominn. Hafði þeim lítið sem ekkert farið á milli, þegar lögreglan kom.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfastlega neitað að hafa ekið bifreið sinni í umrætt sinn. Jafnframt hefur hann þar skýrt, hvers vegna hann játaði slíkt fyrir lögreglu. Ekkert vitnanna sá ákærða við akstur bifreiðarinnar Ö-7998 í umrætt sinn, og sjálfur kveður hann ókunnan mann hafa ekið bifreiðinni fyrir sig frá heimili sínu að Klapparstíg 7.

Eigi er loku fyrir það skotið, að annar en ákærði hafi ekið bifreiðinni Ö-7998 í umrætt sinn þrátt fyrir verulegar líkur á hinu gagnstæða. Þykja fullar sönnur því eigi framkomnar á sök ákærða, og ber þess vegna að sýkna hann af ákærinni í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns G. Briem hdl., kr. 2.000.-.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Hákonarson, er sýkn af ákærunni í máli þessu. Sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns G. Briem hdl., kr. 2.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 24/1984. **Hjördís Jónsdóttir**
Inga Jónsdóttir og
Ásgeir H. Björgvinsson
 gegn
Tryggva Stefánssyni og
Þrotabúi Vals Magnússonar

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 25. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 3. febrúar s.á., kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur í máli þessu, er kveðinn var upp 12. janúar sl. Krefjast þeir þess, „að úrskurðinum verði hrundið og fallist verði í stað þess á kröfu okkar um ógildingu og/eða riftun kaupsamnings dags. 16. marz 1982 milli okkar og Vals Magnússonar um fasteignina Miðbraut 32, Seltjarnarnesi f.h. Þrotabús Vals Magnússonar með því að greiðsla pr. 16. marz 1982 kr. 100.000.- greidd við undirritun kaupsamnings komi til frádráttar endanlegri kröfu okkar í Þrotabúið og fallist á kröfu okkar um að fasteigninni Miðbraut 32, Seltjarnarnesi verði haldið utan við skipti á Þrotabúinu. Riftun miðist við 9. júlí 1982, en til vara við 28. júní 1983.“ Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðiljans Tryggva Stefánssonar er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara er krafist stað-